



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudagur 13. febrúar 2018 á Kjávöllum.

4. fundur

Fundur hófst kl. 17:30

Mættir: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Hermann Vilmundarson, Sigurður Tyrfingsson, Ragna Emilsdóttir, Sverrir Einarsson, Lárus Finnbogason, Auður Stefánsdóttir og Magnús Benediktsson framkv.stj.

Á þessum fjórða fundi stjórnar var eftirfarandi tekið fyrir:

1. Fundargerðir síðasta stjórnarfundar samþykkt.
2. Meistaradeildin og áhugamannadeildin fer vel af stað í Sprettshöllinni. Góð aðsókn og töluverð sala í veitingasölunni.
3. Mikill snjór hefur verið undanfarið í hverfinu og snjómokstur gengið nokkuð vel.
4. Verið er að vinna í undirbúningi á samningum við sveitarfélögin fyrir komandi rekstrarár. Mikið framundan vegna stórra móta og félagssvæðið í mikilli uppbyggingu. Þurfum að horfa til framtíðar. Landsmót 2022 og margt sem þarf að hyggja að fram að þeim viðburði.
5. Búið er að keyra úr reikninga fyrir félagsgjöldum 2018. Einhver misbrestur var á samkeyrslu úr félagatali og því mikilvægt að þeir félagar sem ekki fengu rúkkun láti gjaldkera vita svo þeir séu skráðir í félagið, gjaldkeri@sprettarar.is.
6. Stjórn hefur áhyggjur af hraðaakstri og umferðarpunga í gegnum hverfið. Mikilvægt er að huga að því hvernig umferðinni er stýrt. Gera þarf bragarbót á þessu. Umferðarpungi hefur aukist á Markarvegi sem og Landsenda. Gera þarf áætlun hvernig best er að stýra hraða um hverfið í öllum götum í samráði við sveitarfélögin.

Fundi slitið kl. 19:00

Fundargerð ritaði Auður Stefánsdóttir